

Mánudaginn 8. janúar 1996.

Nr. 26/1995.

**Fjármálaráðherra f.h. ríkisins,  
Reykjalundar og  
St. Franciskusspítala**

(Jón G. Tómasson hrl.)

gegn

**Læknafélagi Íslands**

(Skúli Pálsson hrl.)

Uppsögn kjarasamnings.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Sigurður T. Magnússon.

Stefnandi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, Arnarholi, Reykjavík, f.h. ríkisins, kt. 540269-6459, Reykjalundar, kt. 680172-0139 og St. Franciskusspítala, kt. 610269-1179.

Stefndi er Læknafélag Íslands, kt. 450269-2639, Hlíðarsmára 8, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Læknafélags Íslands, dags. 30. nóvember 1995, á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjalundar og St. Franciskusspítala, Reykjavíkurborgar og St. Jósefsspítala-Landakoti annars vegar og Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur f.h. lausráðinna sjúkrahúslækna hins vegar, sé ólögmæt og gildislaus gagnvart stefnanda.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og það viðurkennt með dómi Félagsdóms, að uppsögn félagsins á kjarasamningi við stefnanda frá 30. nóvember 1995 sé gild.

Krafist er málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Mál þetta var þingfest fyrir Félagsdómi 15. desember sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 5. þ.m.

*Málsatvik.*

Hinn 19. apríl 1995 var gildandi kjarasamningur aðila framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem fólust í samningnum.

Samningsaðili fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er Læknafélag Íslands, en Læknafélag Reykjavíkur er samningaaðili gagnvart Reykjavíkurborg og St. Jósefsspítala-Landakoti. Fjármálaráðherra fer einnig með samningsumboð fyrir Reykjalund og St. Franciskusspítala.

Í kjarasamningnum er svofellt ákvæði um forsendur samningsins og heimild til uppsagnar á samningstíma:

„12. gr. – Forsenda samnings þessa er að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður.

Á samningstímabilinu munu fulltrúar fjármálaráðherra og félagsins, eða sá aðili sem það tilnefnir, koma saman og meta hvort forsendur samningsins hafi haldið. Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef veruleg og marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. þessari grein. Komi til uppsagnar skv. framanskráðu, tekur hún gildi 31. desember 1995“.

Með samningnum var jafnframt gerð svohljóðandi bókun:

„Aðilar eru sammála um að feli þeir kjarasamningar, sem fjármálaráðuneytið gerir síðar á þessu ári við aðildarfélög BHM almennt, í sér kjarabreytingar sem eru verulega og marktækt umfram það sem felst í samningi læknafélaganna, dagsettum í dag, sé það forsenda til uppsagnar á þeim samningi skv. 12. gr. hans“.

Hinn 30. nóvember 1995 var stefnanda send tilkynning frá stefnda um uppsögn á kjarasamningnum með vísan til ofangreindrar bókunar og 12. gr. samningsins. Stefndi hafði ekki áður óskað eftir viðræðum um það, hvort forsendur samningsins hefðu haldið.

Í framhaldi af þessu ritaði stefnandi stefnda bréf dags. 4. desember 1995, þar sem m.a. segir að ekki hafi verið farið fram á þær viðræður af hálfu stefnda, sem áskildar séu í 12. gr. kjarasamningsins. Þar segir ennfremur að kjarasamningar sem stefnandi hafi gert eftir 19. apríl 1995 við aðildarfélög BHM hafi ekki falið í sér kjarabreytingar, sem séu verulega eða marktækt umfram það, sem felst í

samningi stefnda. Í bréfinu er einnig gerður almennur fyrirvari um form uppsagnar.

Í bréfinu er sett fram það sjónarmið stefnanda að uppsögnin sé í andstöðu við gildandi kjarasamning og ólögmæt og var farið fram á að stefndi endurmæti afstöðu sína í ljósi þess er greinir í bréfinu. Í bréfi stefnanda var þess óskað að stefndi léti vita eigi síðar en kl. 16:00 hinn 8. desember 1995, hvort haldið yrði við tilkynninguna um uppsögn. Sá frestur hafi verið framlengdur til hádegis 13. desember, en að morgni þess dags hafi talsmaður stefnda tilkynnt, að ekki yrði fallið frá uppsögninni.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi kveðst höfða málið á grundvelli 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og byggir kröfu-gerð sína á því, að uppsögn stefnda á kjarasamningnum frá 19. apríl 1995 hafi ekki verið í samræmi við ákvæði 12. gr. samningsins og sé því ólögmæt.

Áður en stefndi sendi uppsagnarbréfið 30. nóvember 1995 hafi hann ekki óskað eftir viðræðum um, hvort forsendur kjarasamningsins hefðu haldið, hvorki hvort verðlagsþróun hafi á samningstímanum verið frábrugðin því, sem gerðist í samkeppnislöndunum, sbr. 1. mgr. 12. gr. kjarasamningsins, né um það, hvort þeir kjarasamningar, sem stefnandi gerði síðar á árinu við aðildarfélög BHM almennt hafi falið í sér kjarabreytingar, sem séu verulega og marktækt umfram það, sem falist hafi í kjarasamningnum frá 19. apríl 1995. Stefndi hafi heldur ekki lagt fram nein gögn, áður en hann sendi uppsagnarbréfið, er varða þessi atriði.

Í bókun þeirri, sem fylgdi kjarasamningnum og stefndi vísar til í bréfi sínu frá 30. nóvember 1995, sé sérstaklega vitnað til 12. gr. kjarasamningsins, svo sem einnig sé gert í bréfi stefnda. Telur stefnandi ótvírætt, að í þessari tilvitnun felist, að samningsaðili sem ætlar að nota mögulega heimild til uppsagnar kjarasamningsins hafi borið að óska eftir fundi samningsaðila til að meta, hvort forsendur samningsins hafi haldið. Þetta hafi stefndi ekki gert og telur stefnandi að þegar af þeirri ástæðu sé uppsögnin ógild.

Að því er varðar form uppsagnar bendir stefnandi á, að ríkis-sáttasemjara muni ekki hafa verið send tilkynning um uppsögnina svo sem skylt sé að gera, samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 33/1978.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi telur mál þetta varða túlkun á 12. gr. kjarasamnings þess, sem í gildi sé milli aðila málsins og bókun sem samningnum fylgdi, eins og rakið sé í stefnu.

Stefndu telja að verklag þeirra við uppsögn kjarasamningsins hafi í einu og öllu verið rétt, enda til staðar þær forsendur sem gert sé ráð fyrir í samningnum, þ.e. að það hafi verið orðinn verulegur og marktækur munur á kjörum lausráðinna sjúkrahúslækna og aðildarféлага BHMR.

Stefndi telur sér í löfa lagið að sýna fram á þennan mun, en með því að málsókn stefnanda sé einungis byggð á formsatriðinu, hvort haldinn hafi verið fundur með aðilum til að ákveða hvort forsendur samningsins hafi haldið muni þeir einungis beina málsvörn sinni að því atriði. Sé einnig til þess að líta, að með bókuninni sem fylgdi samningnum hafi viðmiðun hans í rauninni breyst úr tiltölulega óskýrri hugleiðingu um verðlagsþróun, sem aldrei verði metin nema eftir pólitískum mælikvarða, í það að vera viðmiðun við haldbæran og nærtækan mælikvarða hér heima fyrir.

Að því er fundarhöldin varðar séu ákvæðin um þau mjög óljós og hlutverki funda ekki markaður neinn tilgangur eins og gert sé í samningum verkalyðshreyfingarnar og vinnuveitenda. Þar sé fundum aðilanna markaður rammi, sem fara verði eftir og leiði til afgerandi niðurstöðu. Ekki séu í samningi aðilanna nein ákvæði eða hugleiðing um það hvaða atriði eigi að leiða til þess að fundur sé boðaður, eða hver eigi að boða hann. Þá sé fundarhöldum þessum ekki markaður neinn tími öðru vísi, en að fundur skuli haldinn á samningstímabilinu, en það hafi einmitt verið gert. Tveir fundir hafi verið haldnir að frumkvæði stefnda, sá fyrri hinn 7. desember sl. kl. 16:00 og sá síðari 12. desember sl. kl. 8:00. Á fyrri fundinum hafi stefndi lagt fram tillögu til lausnar á deilu aðilanna, sem hafi verið hafnað. Þótt fundir þessir hafi verið haldnir eftir uppsögn hafi þeir eigi að síður verið á samningstímabilinu, eins og greinin kveði á um.

Þetta leiði til þess að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda eins og þeim sé markaður bás í stefnu.

Að því er varðar það atriði að ríkissáttasemjara hafi ekki verið send tilkynning um uppsögnina, sé það rangt. Ríkissáttasemjari hafi fengið tilkynningu um uppsögnina í hendur hinn 4. desember s.l., snemma morguns annan virkan dag eftir uppsögnina.

*Niðurstaða.*

Með 1. gr. kjarasamnings aðila frá 19. apríl 1995 var gildandi kjarasamningur framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. kjarasamningsins er forsenda hans að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekkt því sem gerist í helstu samkeppnislöndum þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Í 2. mgr. þessarar greinar kjarasamningsins er tekið fram að á samningstímabilinu muni fulltrúar aðila koma saman og meta hvort samingsforsendur hafi haldið. Hafi veruleg og marktæk frávik orðið á samningsforsendum samkvæmt greininni er hvorum aðila heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara. Þá fylgdi með samningnum sérstök bókun svohljóðandi: „Aðilar eru sammála um að feli þeir kjarasamningar, sem fjármálaráðuneytið gerir síðar á þessu ári við aðildarfélag BHM almennt, í sér kjarabreytingar sem eru verulega og marktækt umfram það sem felst í samningi læknafélaganna, dagsettum í dag, sé það forsenda til uppsagnar á þeim samningi skv. 12. gr. hans“.

Fyrir liggur að aðilar komu ekki saman til fundar áður en til uppsagnar samningsins kom 30. nóvember 1995. Líta verður svo á að aðilum hafi borið að koma saman til að leggja mat á það hvort samningsforsendur hafi haldið, áður en gripið var til uppsagnar samningsins.

Ekki er kveðið á um það í samningnum hvorum aðila hans beri að boða til slíks fundar, en telja verður eðlilegt að sá aðili sem telur forsendur brostnar hafi frumkvæði að því. Stefndi hafði ekki frumkvæði að því að óska eftir slíkum fundi með aðilum og var þetta ákvæði kjarasamningsins því ekki uppfyllt.

Þá hefur stefndi ekki gert tilraun til, í máli þessu, að sýna fram á að þau frávik hafi orðið á samningsforsendum samkvæmt 12. gr. kjarasamnings aðila frá 19. apríl 1995 og ofangreindri bókun að hann geti sagt samningnum upp.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

## D ó m s o r ð:

Uppsögn Læknafélags Íslands á kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjalundar og St. Franciskusspítala, Reykjavíkurborgar og St. Jósefsspítala-Landakoti er ógild.

Stefndi, Læknafélag Íslands, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjalundar og St. Franciskusspítala, kr. 100.000 í málskostnað.

---